

Fræðslu- og frístundapjónusta Hafnarfjarðar  
Skólaárið 2017-2018  
Starfshópur um heimanám, stefnu og framkvæmd  
Heimanámsstefna, skipulag og framkvæmd

# Tillögur starfshóps

Orðræðan „heimanám“ vísar til þess að nám í grunnskóla fylgi nemanda inn á heimili þegar skóla sleppir þess þar sem fjölskyldan/heimilið er þátttakandi með barni sínu í því að þroskast, nema og taka ábyrgð á námi eins og eðlilegt þykir á hverjum tíma þar sem skólinn stýrir heimanámi nemenda. Með heimanámi er einnig vísað til hvers kyns námsvinnu og getur þannig vísað til lesturs, úrlausn verkefna, undirbúningi fyrir próf og annarra viðfangsefna sem ætlast er til að nemandi leysi utan kennslustunda í skóla og tengjast námi í grunnskóla.

Heimanám hefur á síðustu árum og áratugum verið vettvangur umræðu um mismunun, einhæfni, ójafnræði, ójafnvægis í samstarfi heimilis og skóla, gagnsleysi, ábyrgð, óréttlæti og ýmsa þætti sem tengjast félagsstöðu og valdabaráttu í nútímasamfélagi. Ljóst er að skiptar skoðanir eru um gildi heimanáms í samtímanum sem kemur fram bæði sem [mikill](#) eða [lítil](#) stuðningur við heimanám.

## Inngangur

Starfshópur þessi er settur í gang af sviðsstjóra fræðslu- og frístundaþjónustu Hafnarfjarðar á haustmánuðum 2017. Tilurð hans tengist m.a. umræðu um aukna þörf á stuðningi við heimanám við ákveðinn nemendahóp í grunnskólum, tvítýngda nemendur. Í tillögum sínum tekur starfshópurinn einnig mið af því því að skoða heimanám í stærra samhengi skólastarfs. Þess vegna leggur hann til grunn að heimanámsstefnu fyrir grunnskóla Hafnarfjarðar sem hver grunnskóli útfæri nánar. Meginefni tillagna hópsins er þó sá að eigi að efla stuðning við heimanám nemenda í skóla umfram það sem nú er þurfi að gera ráð fyrir sérstökum fjárveitingum þar um í árlegum úthlutunum til skólanna. Það er áætlun starfshópsins að það séu að lágmarki þrjár kennarastöður samtals á ári fyrir alla grunnskóla bæjarins.

Tillögurnar eru lagðar fram til skoðunar og frekari ákvarðanatöku.

Hafnarfirði 4. september 2018

  
Linda Hildur Leifsdóttir

  
Valdimar Viðisson

  
Vigfús Hallgrímsson

# Gildi, sýn, sérkenni, stefna, skipulag og framkvæmd heimanáms

## SÝN

Það er grundvallarsjónarmið til náms í grunnskólum Hafnarfjarðar að heimanám hluti af skólastarfi sem skal útfært í hverjum skóla út frá áherslum hans, aldri og þroska nemenda og séráherslum einstakra námssviða aðalnámskrár grunnskóla í samræmi við þær megináherslur sem hér koma áfram.

## GILDI

Heimanám leggur áherslu á eftirfarandi gildi:

1. *Fjölbreytni*: Að heimanám sé fjölbreytt, viðeigandi og ekki of einhæft
2. *Ábyrgð*: Að nemandi sé virkur og vinni sjálfstætt
3. *Einstaklingsmiðun*: Að það taki mið af námsstöðu nemenda og getu hverju sinni

## SÉRKENNI

Með því að viðhalda langri hefð um heimanám í grunnskóla er lögð áhersla á gildi og vægi menntunar í samfélaginu þar sem nám er ævinlega samspil við umhverfið, aðstæður og félagslega þátttöku. Með stöðugt flóknari þjóðfélagsaðstæðum aukast bæði og takmarkast möguleikar að styðja við heimanám barna. Þess vegna er einnig nauðsyn á að skólar styðji sérstaklega við heimanám, þ.e. með sérstakri heimanámsaðstoð í skóla, til að mæta ákveðnum samfélagsaðstæðum sem færir einstaka börnum mismikla möguleika að fá aðstoð við heimanám utan skóla. Heimanámsaðstoð skal þó skipulögð „án aðgreiningar“, þ.e. sé fyrir alla nemendur þótt sumum nemendum umfram aðra verði sérstaklega beint í heimanámsaðstoð. Mikilvægt er að heimanám ýti ekki undir mismunun, það viðurkenni fjölbreytni, viðhafi sveigjanleika, efli sjálfstraust nemenda og styrki fjölskyldutengsl.

## STEFNA

Á grunni ofangreindar sýnar um gildi heimanáms er eftirfarandi stefna lögð um heimanám fyrir grunnskóla Hafnarfjarðar:

1. Heimanám er hluti af daglegu námi nemenda í grunnskólum Hafnarfjarðar frá upphafi til loka skólagöngunnar.
2. Heimanám skal unnið í nánú samráði við fjölskylduna út frá almennum viðmiðum frekar en einstaklingslegum, þ.e. fari ekki eingöngu eftir því hvort sumir vilji og aðrir ekki óháð almennum forsendum um sanngirni og jafnræði í skólastarfinu.
3. Miðað er við að heimanám sé í góðu samhengi við nám í skóla, þ.e.
  - a. Sé hæfilega umfangsmikið (út frá aldri og þroska nemenda)
  - b. Sé dreift (milli vikudaga/námsgreina)
  - c. taki mið af mikilvægi (sbr. áherslur bæjarins á lestur og læsi í LESTUR ER LÍFSINS LEIKUR)
  - d. leggi áherslu á samskipti og samvinnu í fjölskyldunni við heimanámið
  - e. með fjölbreytta möguleika eins og að ýta undir þjálfun á fyrri lærdómi, gera sköpunar- og nýbreytniverkefni, sé undirbúningur fyrir próf o.fl.
  - f. geri ráð fyrir að ýta undir sjálfstæði nemenda og því að taka viðeigandi ábyrgð á námi sínu.
4. Hver skóli útfærir áherslur um heimanám eftir árgöngum/kennslustigum innan skóla.
5. Heimanámsaðstoð sé skipulögð af sérhverjum grunnskóla með áherslu á sérstakan stuðning við nemendur sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður og/vanda með að sinna heimanámi af einhverjum ástæðum, t.d. að foreldri-/ar hafi annað móðurmál en íslensku.
6. Lögð er áhersla á að heimanám sé skilgreint sem hluti af námi nemenda í því að þeir eigi rétt á að fá viðbrögð, hvatningu og mat á heimanáminu frá kennurum sínum sem leggja það fyrir.

SKIPULAG OG FRAMKVÆMD

7. Í hverjum grunnskóla skal boðið upp á heimanámsaðstoð a.m.k. þrjá daga í viku í eina klukkustund í senn á hverju kennslustigi þar sem gert er ráð fyrir að kennarar skóla aðstoði við það eins og þörf er á. Heimanámsaðstoð á yngsta kennslustigi sé unnin í samvinnu við starfsemi frístundaheimila.
8. Ef koma á fastri, reglulegri heimanámsaðstoð við í skóla, er talin þörf á sérstakri úthlutun til skóla utan annarra fjárúthlutana sem þegar eru til staðar. Tillaga starfshópsins er 3 kennslustundir á viku á hvert kennslustigi í skóla sem skóla er að útfæra.

Ef útfæra ætti lágmarksúthlutun til grunnskóla Hafnarfjarðar skólaárið 2017-2018 vegna heimanámsaðstoðar er eftirfarandi lágmarksúthlutun, eða 78 kennslustundir á viku eða sem samsvarar um þremur kennarastöðum á ársgrundvelli. Alltaf er gert ráð fyrir að kennsla í heimanámsaðstoð sé leyst af kennurum viðkomandi skóla af þeim sem þegar eru kennarar á viðkomandi kennslustigi.

	Yngsta stig	Miðstig	Elsta stig	Samtals
Áslandsskóli	3	3	3	9
Hraunvallaskóli	6	6	6	18
Hvaleyrarskóli	3	3	3	9
Lækjarskóli	3	3	3	9
Setbergsskóli	3	3	3	9
Skarðshlíðarskóli	3	0	0	3
Víðistaðaskóli	6	3	3	12
Öldutúnsskóli	3	3	3	9
<b>SAMTALS</b>	<b>30</b>	<b>24</b>	<b>24</b>	<b>78</b>

Ekki væri þó óvarlegt að áætla að meira þurfi til til að ná að sinna vel því verkefni sem heimanámsaðstoð sé ætlað út frá tillögum hópsins, t.d. ef aðstoðin á að ná til meira en þriggja daga í viku. Þó er bent á möguleika þess að skólar geti nýtt annað úthlutað kennslufjármagn í meira heimanám.

9. Heimanám verði ekki skilgreint sem möguleiki í valgrein í grunnskólum Hafnarfjarðar.
10. Hvers skóla að útfæra heimanám og heimanámsaðstoð frekar og birta foreldrum (foreldrapóstur, skólavefur, skólanámskrá).